



# Fréttabréf Rangárþings eystra

Desember 2022



*Barnakór Hvolsskóla syngur á miðbæjartúninu undir stjórn Ingibjargar Erlingsdóttur*



Kæru íbúar Rangárþings eystra.

Nú fara jólin að breyta á og það styttest í að við tökum fagnandi á móti nýju ári. Það eru spennandi tímar framundan og það er aðdáunarvert að sjá þann kraft sem býr í íbúum Rangárþings eystra í allri þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað og framundan er. F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra sendi ég ykkur öllum hugheilar jóla- og nýárskveðjur og megi komandi tímar verða ykkur gæfufríkir. Samstarfsmönnum okkar hjá Rangárþingi eystra þakka ég sérstaklega fyrir góða samvinnu, dugnað og elju á árinu sem er að líða.

Anton Kári Halldórsson

Sveitarstjóri Rangárþings eystra

## Jólamastríð



Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að búið er að skreyta símamastríð við Austurveginna enda sést það nú vel langar leiðir. Líklega má einnig leiða líkur að því að mastríð sé hæsta jólaskreyting landsins eða 45m hátt. Þegar Árni Árnason gerði þátt um Hvolsvöll fyrir sjónvarpsstöðina N4 nefndi hann að það væri snjallt að skreyta mastríð. Þóra Björg Ragnarsdóttir, aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa, og Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri, gripu hann á orðinu og eftir að fá leyfi og styrk frá Mílu fyrir verkefninu var hafist handa. Björgunarsveitin Dagrenning sá um að koma jólaseríum á mastríð og þökkum við þeim kærlega fyrir, sérstaklega þeim Snædís, Vigni og Bjarka sem klifruðu upp og kláruðu verkefnið á met tíma. Sveitarfélagið er mikið og vel skreytt fyrir þessi jól og er jólamastríð okkar algjörlega punkturinn yfir í-ið.

## Menningardagur 26. nóvember

Þann 26. nóvember sl. var haldinn menningardagur í Hvolnum en þar kynntu íbúar frá Póllandi og Búlgaríu, menningu sína og hefðir ásamt því að stíklað var á stóru yfir hefðir á Íslandi. Dagskráin var einstaklega skemmtileg, fluttur var pólski þjóðsöngurinn, börn og foreldrar þeirra sungu vísur og spilaður var lagstúfur á píanó. Farið var m.a. yfir sögu Póllands í máli og myndum og prófað úr sögunni í Kahoot spurningaleik. Hópur fólks kom og dansaði búlgarska þjóðdansa, farið var yfir viðburði í sögu Búlgaríu og margt fleira. Sendiherra Póllands kom og flutti erindi sem og Tómas Birgir Magnússon, oddviti Rangárþings eystra. Búið var að undirbúa hlaðið veisluborð með dýrindis kræsingum frá Póllandi og Búlgaríu. Einnig bauð SS upp á smakk á þjóðlegum réttum frá Íslandi. Eftir dagskrána var boðið upp á andlitsmálningu og barnahorn svo allir aldurshópar voru Fullt var út úr dyrum og mikil ánægja var með daginn hjá þeim sem sóttu. Hópurinn sem kom að undirbúningi hátíðarinnar fær kærar þakkir fyrir og vonandi er menningardagur sem þessi kominn til að vera. Meðfylgjandi myndir tók Wojciech Piotrowicz og fleiri má sjá á heimasíðu Rangárþings eystra.



## Rangárþing eystra

Austurvegur 4  
860 Hvolsvöllur  
Sími: 488 4200

Vefur: [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)

Umsjón: Árný Lára Karvelsdóttir  
Ábyrgð: Anton Kári Halldórsson

**Opnunartími**  
**á skrifstofu**  
**Rangárþings eystra**

Mán - Fim  
09:00 - 16:00  
Föstudagar  
09:00 - 13:00

## Brennur í Rangárþingi eystra

### Áramótabrenna á Hvolsvelli

Áramótabrennan verður á túninu norðan við Hallgerðartún og hefst klukkan 18:00 á Gamlársdag, 31. desember.

Björgunarsveitin Dagrenning verður með flugeldasýningu að vanda.

Þrettándabrennur verða við Skógafoss 6. janúar og í Fljótshlíð 7. janúar  
Tímasetningar verða nánar auglýstar síðar



## Skreytingakeppni Rangárþings eystra

Úrslitin í skreytingakeppni Rangárþings eystra eru ljós eftir fjölda ábendinga frá íbúum sem og álitni frá sérstökum álitsgjöfum. Við viljum hrósa íbúum sveitarfélagsins fyrir að standa sig virkilega vel í skreytingum í ár og valið á sigurvegurum var mjög erfitt. Vinningshafar fyrir skreytingar á íbúðarhúsum og gördum fengu gírnilega gjafakörfu frá Hótel Fljótshlíð í Smáratúni þar sem finna mátti m.a. kjötvörur, paté, sultur og nýbakað rúgbrauð. Best skreytta fyrirtækið fékk í verðlaun fallega skreytta lúg frá Rafverkstæði Ragnars.

Fallegasta jólaskreytingin var valin hjá hjónunum Agnese og Raimonds Cernavs en þau búa í Litlagerði 2b. Ummæli um skreytingarnar voru m.a. að kúlurnar í garðinum væru heimasníðaðar og einstaklega stílhreinar og fallegar. Skreytingarnar vekja verðskuldaða athygli þeirra sem keyra eða ganga framhjá og setja mikinn svip á garðinn.



Skemmtilegasta jólaskreytingin er hjá mæðginunum Unni og Birni Andra Bergmann ásamt Łukasz Nogal en þau búa á Nýbýlavegi 20. Fjölmargir sögðu að skreytingarnar væru virkilega skemmtilegar og frumlegar. Þó garðurinn við húsið væri ekki stór er skreytingunum haganlega komið fyrir og stjórnurnar á húsini setja punktinn yfir i-ið.

Best skreytta fyrirtækið að þessu sinni var Fóðurblandan. Stóra stjarnan á toppi verslunarinnar er virkilega flott útfærsla og heimasníðuðu jólatrén sem prýða verslunina að utan eru stílhrein, skemmtileg og falla einstaklega vel að umhverfinu. Tryggvi Bjarnason, verslunarstjóri, tók við verðlauninum fyrir hönd Fóðurblöndunnar



## Árshátíð yngsta stigs í Hvolsskóla

Yngsta stig Hvolsskóla hélt á dögnum afar metnaðarfulla árshátíð þar sem flutt voru atriði úr þekktum sögum og ævintýrum. 1. bekkur reið á vaðið, kom upp og hver nemandi sagði hvað þau ætla að vera þegar þau verða stór. Framtíðar fimleikastjörnur, dýralæknar og jútúbarar. 2. bekkur flutti nokkur atriði úr sögunni um Emil í Kattholti og sungu svo eitt lag. 3. bekkur lék atriði úr Ronju ræningjadóttur, bæði léku og sungu. 4. bekkur sló svo botninn í dagskrána með aðeins öðruvísi útgáfu af Rauðhettu. Ingibjörg Erlingsdóttir sá um undirspil og voru atriðin alveg stórskemmtileg.



## Jólaböll og jólagleði

Milli jóla og nýárs verða fjögur jólaböll svo það verður nóg um að vera að dansa í kringum jólatré og hitta sveinka

**27. desember jólaball í Gunnarshólma kl. 16:00**

**28. desember jólaball í Njálshúð kl. 13:30**

**28. desember jólaball í Goðalandi 15:00**

**30. desember jólaball á Heimalandi 14:00**

